

# 1. fundur skólaráðs Foldaskóla skólaárið 2017-2018 haldinn föstudaginn 10. nóvember 2017 kl. 8:10.

Mættir voru: Skúli Kristjánsson skólastjóri, Bára Jóhannsdóttir aðstoðarskólastjóri, Elfa Arnardóttir og Karen Björk Guðjónsdóttir fulltrúar kennara, Helga V. Pálsdóttir fulltrúi starfsmanna, Guðlaug Björk Karlsdóttir og Kristinn Þorleifsson fulltrúar foreldra, Elva María Birgisdóttir og Margrét Ósk Syen fulltrúar nemenda.

Fundur settur kl. 8:15

Gengið til dagskrár:

1. *Kynning á fulltrúum*

Skúli bauð fulltrúa velkomna og síðan kynntu fulltrúar sig.

2. *Hlutverk skólaráðs*

Kristinn spurði hvort það væru einhver mál sem skólaráð gæti þrýst á fyrir hönd skólans, nefndi þar þrýsting til að flýta framkvæmdum við hljóðvist í matsal og eins varðandi fjármál. Skúli sagðist vera búin að senda erindi í samráði við foreldrafélagið um að fá tímasetningu á framkvæmdum og ósk um að farið verði í framkvæmdirnar sem fyrst á árinu 2018. Guðlaug lagði áherslu á mikilvægi þess að leita einnig lausna í skólanum til að minnka hávaðann. Sagt var frá áætluðum fundi með fulltrúum stiga með starfsfólki í matsal til að leita lausna. Einnig var rætt um hugmynd um að nemendur í 10. bekk hjálpi til í matsal og vinni sér þannig inn upphæð í ferðasjóð.

3. *Starfsáætlunskólaráðs og fundartímar*

Fundarmenn voru sáttir við að hafa fundartímann á föstudögum kl. 8:10. Rætt var um fjölda funda yfir veturinn. Guðlaug lagði til að funda mánaðarlega og að einn fundur yrði opinn fundur fyrir alla foreldra.

4. *Áherslur vetrarins*

Skúli fór hratt yfir áherslur vetrarins og sagði frá námsmatsteymi sem er leiðandi í námsmatsvinnu skólans. Hann sagði einnig frá samskiptateymi sem skoðar áherslur í samskiptum foreldra – kennara, starfsmanna – nemenda og samskipti starfsmanna.

5. *Menntastefna Reykjavíkur*

Skúli sagði frá vinnu sem væri komin af stað til að móta menntastefnu Reykjavíkur. Mánudaginn 13. nóvember fara tveir nemendur í 5. og 6. bekk sem fulltrúar Foldaskóla á fund þar sem þeim býðst að koma skoðunum sínum á framfæri varðandi menntastefnuna. Samskonar fundur verður einnig fyrir foreldra til að þeirra rödd heyrast. Einnig verður fundað með starfsmönnum skólanna.

6. Guðlaug óskaði eftir að aftur yrði sett á dagskrá skipulag vetrarins og námsmat.

7. Undir lok fundar lagði Skúli upp með að við myndum halda okkur við 5 fundi yfir árið með möguleika á að funda oftari ef þurfa þykir. Við ræddum möguleika á að halda annan fund í desember til að ræða námsmat.

Fundi slitið 9:20

Bára Jóhannsdóttir